

Fundargerð 4.jan. 2004
12. fundur á árinu, 7. fundur FFGÍR skólárið 2004-2005
Staður: Myllubakkaskóli

Mættir: Myllubakkaskóli: Hrafnhildur, Álfheiður. **Heiðarskóli:** Víðir, Viktor,
Holtaskóli: Albert, Ásdís Ýr. **Njarðvíkurskóli:** Agnes.
Sóley formaður og Ingibjörg verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

1. mál: Fundur Fræðsluráðs-niðurstöður vinnuhóps vegna verkfalls

Sóley greinir frá fundi vinnuhóps 9.des sl.um aðgerðir gegn neikvæðum áhrifum verkfalls. **Sóley** sendir punkta með niðurstöðum þess fundar til stjórnarmanna FFGÍR á næstunni. Greinir einnig frá fundi Fræðsluráðs 13.des. sl. Fundargerð má finna á síðu www.reykjanesbaer.is, undir “stjórnerfi” Fram kemur undir

5.máli: önnur mál: a) Sóley Birgisdóttir sagði frá ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar sem haldin var í Kaupmannahöfn þar sem fjallað var um foreldra sem auðlind í skólastarfi. Kynnti hún hugmynd FFGÍR um að skipaðir yrðu tveir 8 manna samstarfshópar um nemendasamninga annars vegar og samstarf heimila og skóla hins vegar. Fræðsluráð styður eindregið framkomnar hugmyndir og hvetur til að FFGÍR óski formlega eftir fulltrúum í hópana frá grunnskólunum.

Ingibjörg skrifar bréf til skólastjóra vegna tilnefninga í hópana og fylgir eftir.

2. mál. Foreldrasamningar

Agnes samþykkir að styðja starfandi bekkjarfulltrúa í skólum við að koma á foreldrasamningum Heimilis og skóla. Samþykkt að ekki yrði notast við stigskipta samninga að þessu sinni.

-Þrátt fyrir að samningar HogS með ákvæði um útivistartíma hefði reynst erfiður í framkvæmd, var lögð áhersla á að umræðan sjálf meðal foreldra um þessi atriði væri markmiðið, og hefði forvarnar og upplýsingagildi meðal foreldra, burtséð frá því hve margir skrifuðu undir samninginn og hvort almenn samstaða næðist.

3. Námskeiðið Öflugt sjálfstraust

Var ekki tekið fyrir, Ingibjörg sendir e-mail á **formenn foreldrafélaga Njarðvíkurskóla og Heiðarskóla** um annað þeirra taki að sér samstarf við FFR um framkvæmd námskeiðsins.

4. mál: Dagskrá skólaársins hjá foreldrafélögum/ráðum innan FFGÍR

-Hvert foreldrafélag leggur kapp á í janúar að **afla bekkjarfulltrúa** í sínum skóla, með áherslu á fyrsta stigið, 1.-4.bekk, og funda með sínum bekkjarfulltrúm í hverjum skóla sem fyrst í þeim tilgangi að virkja þá til starfa, helst ekki síðar en í byrjun febrúar.

-**Námshópar** fyrir 10.bekk virðast komnir af stað í Njarðvík og Holta, Heiðarskóli og Myllubakkaskóli stefna á að koma á samstarfi við foreldra 10.bekkjara, kynna þetta verkefni fyrir þeim, og koma þeim af stað með þetta eða sambærilegt verkefni.

-Samþykkt að FFGÍR stæði fyrir **fyrirlestri/fræðslu til foreldra á skólaárinu um tölvunotkun barna sinna**, foreldrum kennt að fylgjast með netnotkun á heimilinu, gefin praktísk ráð og kennsla o.s.frv. T.d. tölvukennarar fengnir til að fara yfir hvað væri verið að kenna börnum o.s.frv. Ingibjörg fylgir eftir, talar m.a. við Hafþór hjá Fjörheimum sem hefur staðið fyrir umræðum meðal nemenda um þessi mál.

- Stjórnarmenn minntir á að bjóða Ingibjörgu á **stjórnarfund** hjá sér, koma á auknum tengslum milli stjórnarféлага og FFGÍR. Og leitast við að nota starfskrafta Ingibjörgu við hin ýmsu verkefni sem félögin standa fyrir.
- Ingibjörg og Sóley** funda á næstunni með félagsmálastjóra um samstarf í vetur.
- Ingibjörg** talar við Víkufréttir vegna slagorða
- Ingibjörg** fylgir eftir við fræðslustjóra vegna kynningar á rannsókn 9. og 10.bekkjjar Reykjanesbæjar.

5. mál: Samvinnuverkefni lögreglu og foreldrafélaga

Vitað er að komið er af stað og nokkrir foreldrar hafa verið kallaðir á rúntinn svo vitað sé. Sóley spyr hvort **kennarar** séu líka í þessu samstarfi við lögreglu, því skólar séu þeirra vinnustaður og með því að virkja kennara geti þeir miðlað upplýsingum milli lögreglu og skóla.

6. mál. Önnur mál

- a. Þakkir til Víðis og Ásdísar Ýr við að útvega styrki frá SPKEF og HS vegna heimasíðu.
- b. Ráðstefna um **Drengjamenningu, karlmennsku og stráka í grunnskóla**, 24.feb. (sjá www.heimiliogskoli.is/www.gardabaer.is)
- c. Foreldravöld í KHÍ, 11.janúar. Hefst kl. 20:00 og eru til 22:00 í Hjalla (H207) nýju byggingu Kennaraháskólans við Stakkahlíð. Brynhildur Briem fræðir um rannsókn sem hún hefur tekið þátt í á lífsstíl ungmenna. Um möguleika foreldra til að hafa áhrif á lífsstíl barna sinna, ásamt því að foreldrar munu skiptast á góðum ráðum. Sjá. <http://foreldrar.menntagatt.is/>
- a. ÍÓ fer í heimasíðugerðarkennslu fljótlega, stefnir á að opna síðu FFGÍR fyrir næstu mánaðarmót.

Ekki meira gert og fundi slitið kl. 19:00

Næsti fundur þriðjudaginn 25. jan. Myllubakkaskóla kl. 17:15